

Nd.

224. Frumvarp til laga

[108. mál]

um breyting á lögum nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í 3. gr. laganna falli niður ákvæði 4. töluliðs.

2. gr.

Í 5. gr. laganna breytast orðin „3. gr. 1.—6. tölul.“ í: 1.—3. og 5.—6. tölul. 3. gr. Orðin „1.—6.“ síðar í greininni breytast í: 1.—3. og 5.—6.

3. gr.

Í 1. málsgr. 6. gr. breytast orðin „3. gr. 1.—4. og 6. tölul.“ í: 3. gr. 1.—3. og 6. tölul.

4. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur þetta frv. í nánnum tengslum við það.

Í frv. þessu er lagt til, að óflekkað mannorð verði ekki frammar skilyrði leyfis til veitingasölu og gistihúshalds. Í greinargerð fyrir fyrrnefndu frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum eru reifuð helztu sjónarmið, sem varða þá tilhögun, sem felst í frv. þessu, og þykir mega vísa þangað.